



YTRA MAT – UMBÓTAMAT HEILSULEIKSKÓLINN LAUFÁS

VORSKÝRSLA



Sonja Dröfn Helgadóttir
HEILSULEIKSKÓLINN LAUFÁS
Hlíðargata 1, 470 Þingeyri

Vorið 2019 komu á vegum Menntamálastofnunar þær Birna Sigurjónsdóttir og Svanhildur María Ólafsdóttir og gerðu úttekt á starfi Heilsuleikskólans Laufás, Þingeyri. Svokallað ytra mat. Þeir matsþættir sem lágu til grundvallar voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat*. Í framhaldi af úttektinni skiluðu þær skýrslu í maí sama ár þar sem teknir voru saman styrkleikar skólans í hverjum þætti og hvar tækifæri var til umbóta. Umbótaáætlun var skilað til Menntamálastofnunar í október 2019.

Skólaárið 2019-2020 var að mörgu leyti óvanalegt. Nýr skólastjóri tók til starfa, en þó einungis til árs, þar sem starfandi skólastjóri fór í fæðingarorlof. Einnig setti veðurlag og Covid-19 starfið töluvert úr skorðum. Reynt var eftir fremsta megni að vinna eftir þeirri áætlun sem sett hafði verið upp, þó svo það hafi ekki tekist í öllum tilvikum. Tekið skal fram, þó svo ekki hafi verið gerð athugasemd við heimasíðu skólans, þá hefur verið lögð áhersla á að bæta hana og þær upplýsingar er þar koma fram. Hins vegar er það á áætlun að bæta hana enn betur og gera spjaldtölvu- og símavæna.

Hér á eftir má sjá umbótaáætlunina og athugasemdir við hvern lið, eins og staðan er nú, í byrjun júní 2020.

Þingeyri, 12. júní 2020

Sonja Dröfn Helgadóttir, skólastjóri Grunnskólans á Þingeyri og Heilsuleikskólans Laufás

Það er leikur að læra

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu ¹	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið I - Stjórnun og fagleg forysta²					
<ul style="list-style-type: none"> Í skólanámskrá þarf að gera grein fyrir hvernig markmið leikskólans eru metin og skilgreina viðmið sem eru um þann árangur sem stefnt er að. 	Gæðagreinir er nýttur til að sjá hvar skóinn krepur og hvar þarf að gera betur.	Kynna á fundi með starfsfólki leikskólans.	<i>Er í stöðugri endurskoðun.</i>	Leikskólastjóri	Árlegt endurmat.
<ul style="list-style-type: none"> Gera einkunnarorð/áherslur sýnileg í leikskólanum 	Hafa stefnu leikskólans og gildi „Það er leikur að læra“ sýnilegri í rými leikskólans, á skjólum og dagatölum. Prenta út einkunnarorð og hafa sýnileg á lifandi og skemmtilegan hátt.	Haust 2019	<i>Einkunnarorðin eru ávallt sett á þau skjöl sem leikskólinn sendir frá sér. Á áætlun er að fá þau útskorin til að hengja upp fyrir utan skólann. Þegar hafa þau verið prentuð út og hengd upp í anddyri.</i>	Leikskólastjóri Starfsmenn	Endurskoðað árlega.
<ul style="list-style-type: none"> Æskilegt er að unnin verði starfsmannahandbók með nauðsynlegum upplýsingum fyrir starfsfólk. 	Starfsmannahandbók fyrir starfsmenn Ísafjarðarbæjar er til. Hægt að taka saman upplýsingar sem eiga við okkar skóla.	Haust 2019	<i>Litið hefur verið til starfsmannahandbókar Ísafjarðarbæjar. Sem sjá má hér.</i>	Leikskólastjóri	Starfsmannaviðtöl
<ul style="list-style-type: none"> Skrá þarf fundargerðir og gera aðgengilegar fyrir starfsmenn. 	Starfsmenn skiptast á að vera fundaritarar, fundargerðir vistaðar á sameiginlegu svæði		<i>Í vinnslu. Þarf að minna stöðugt á að skrá og gera aðgengilegt.</i>	Leikskólastjóri	Byrja haust 2019 og festa vinnulag

	sem allir starfsmenn hafa aðgang að.				
<ul style="list-style-type: none"> Gera þarf sýmenntunaráætlun fyrir starfsmenn sem birt er í starfsáætlun. . 	Vinna sýmenntunaráætlunar er sameiginleg með leikskólum bæjarins.	Haust 2019	Haust 2020 <i>Eftir á að taka saman þá sýmenntun sem farið verður í skólaárið 2020-2021</i>	Leikskólafulltrúi og leikskólastjórar	Endurskoðað árlega.

Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili /ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið II – Nám og kennsla					
<ul style="list-style-type: none"> Leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa til að uppfylla ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu 	Auglýsa eftir menntuðum leikskólakennurum á hverju ári. Styðja starfsmenn í námi sem þurfa að sækja námslotur.	Auglýsingar sendar út í samstarfi við mannauðstjóra bæjarins í mars-apríl ár hvert.	<i>Auglýst var eftir starfsmönnum á vormánuðum. Ein umsókn var frá einstaklingi með BA-próf og á leið í réttindanám. Einn starfsmaður er í námi til leikskólaliða II og fær til þess stuðning í formi launaðra frídaga.</i>	Leikskólastjóri	Tekin er saman fjöldi menntaðra leikskólakennara á hverju ári.
<ul style="list-style-type: none"> Gera nánari grein fyrir áherslum og markmiðum leikskólans um læsi og útinám í skólanámskrá 	Gera læsistefnu bæjarins meira áberandi og kynna hana fyrir starfsfólki og foreldrum. Flétta stefnuna inn í verkefni og lotur. Fjalla um læsi og útinám í skólanámskrá.	Ágúst-sept. 2019	<i>Læsisstefna Ísafjarðarbæjar er kynnt í starfsáætlun, sem og markmið læsis. Þar má einnig finna áherslur og markmið útináms. Sjá hér.</i>	Leikskólastjóri Deildarstjóri	Endurskoðað að hausti ár hvert.
<ul style="list-style-type: none"> Kynna stefnu leikskólans og áherslur betur fyrir foreldrum og gera sýnileg í umhverfi leikskólans. 	Kynning á haustfundi með foreldrum. Fjalla um áherslur í foreldraráði. Hafa stefnu leikskólans og gildi „Það er leikur að læra“ sýnilegri í rými leikskólans, á skjólum og dagatölum.	2019	2020 <i>Gildi leikskólans hafa verið gerð sýnilegri. Kynning á stefnu á haustfundi með foreldrum.</i>	Leikskólastjóri Deildarstjóri Starfsfólk	Endurskoðað árlega og kynnt á haustfundi.
<ul style="list-style-type: none"> Bæta aðgengi barna að listsköpun. 	Skoða hugmyndir í öðrum leikskólum. Fáum hirslu á hjólum til að setja inn sem stöð fyrir liti og	Ágúst 2019	<i>Keypt var hirsla á hjólum sem auðveldar allt aðgengi til listsköpunar.</i>	Leikskólastjóri starfsmenn	Á starfsdögum að haust eru vinnustöðvar endurskoðaðar og

	annað efni sem er í hæð barnanna.				metið hvort og hvað sé hægt að gera betur.
• Æskilegt væri að taka upp umræðu um hvort endurmeta ætti dagskipulag.	Á starfsdögum að haust er farið yfir dagskipulag fyrra árs og unnið að nýju skipulagi.	Haust 2019	Haust 2019. <i>Dagskipulagið var endurskoðað og endurbætt í samráð við starfsmenn.</i>	Leikskólastjóri Starfsmenn	Endurskoðað árlega.
• Ræða þarf, meta og auka þátttöku og ákvarðanatöku barna í leikskólastarfinu.	Ígrunda starfið á fundum og vera meðvitað að hugsa um lýðræði barna í leikskólastarfinu (hvort sem það er um val verkefna, efniviðar og/eða hugmynda).	Haust 2019	Vor 2020. <i>Umræður við starfsfólk og gæðagreinir var nýttur til að ítreka mikilvægi þessa þáttar.</i>	Leikskólastjóri Deildarstjóri Starfsmenn	Umræður og gæðagreinir, starfsmannaviðtöl.
• Auka búnað og tæki sem ætluð eru til rannsókna og vísinda og gera aðgengilegan.	Skoða verfæri og áhöld sem ætluð eru til náms, áhöld sem vekja áhuga bæði starfsfólks og barna. Geyma á góðum stað. Hvetja starfsfólk til að sækja námskeið.	Haust 2019	Vor 2020 <i>Því miður hefur ekki gefist tími né rými til að efla þennan þátt. Lagt til að það verði skoðað í haust.</i>	Leikskólastjóri	Endurskoðað árlega. Rætt í starfsmannaviðtölum.
• Gefa börnum tækifæri til á að meta nám sitt og setja sér markmið.	Umræður og skrifleg markmið í heilsubók. Þurfa að vera einstaklingsmiðuð.	Haust 2019	Vor 2020 <i>Unnið jafnt og þétt. Ekki var hægt að nýta heilsudagbók, þar sem hún er í endurskoðun v. persónuverndar.</i>	Deildarstjóri	Meta ánægu og líðan barna-Gæðagreinir Endurskoðað árlega, að hausti.

Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið III – Innra mat					
<ul style="list-style-type: none"> Huga þarf að stofnun matsteymis með fulltrúum stjórnenda og starfsmanna þannig að allir komi að því að ákveða áherslur og forgangsröðun við innra mat. 	Unnið verður að innleiðingu gæðagreina næsta vetur. Námskeið verður í haust. Verkefnastjóri býr til skipulag og áætlanir sem leikskólastjóri og starfsfólk fer eftir.	Undirbúningsvinna er hafin. Haust 2019	Vor 2020 <i>Því miður hefur ekki tekist að ljúka þeirri vinnu sem byrjað var á haustið 2019. Vonir standa til að hægt verði að koma þessu á, haustið 2020</i>	Verkefnastjóri með innleiðingu á gæðagreinum. Leikskólastjóri Leikskóla-fulltrúi	Endurmetið í ársskýrslu og umbótaáætlunum.
<ul style="list-style-type: none"> Gera nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggi til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu. 	Innleiðing á gæðagreinum hafin. Umbótaáætlanir unnar eftir mat hvers gæðagreinis. Áætlun um hvaða greina á að taka fyrir ár hvert en það er skipulagt yfir 5 ára tímabil. Þegar líða fer á koma foreldrar að matinu, á þó eftir á ákveða útfærslu á því.	Haust 2019	Vor 2020 <i>Gæðagreinir hefur verið lagður fyrir starfsmenn í vetur. Hins vegar hefur ekki tekist að gera umbótaáætlun í framhaldi af þeirri vinnu. Lagt til að það verði skoðað skólaárið 2020-2021.</i>	Leikskólastjóri Verkefnastjóri Leikskóla-fulltrúi	Endurmetið í ársskýrslu og umbótaáætlunum. Endurskoðað árlega.
<ul style="list-style-type: none"> Leita skal leiða til að fá fram sjónarmið barna við mat á leikskólastarfinu. 	Ígrundun og fræðsla um hvernig hægt er að auka lýðræði barna í leikskólastarfinu, til að styðja og styrkja börn til þátttöku og gefa þeim	Janúar 2020	Maí 2020 <i>Ekki hefur tekist að ná þessu markmiði.</i>	Leikskólastjóri Deildarstjóri	Mat á ánægju og líðan barnanna

	tækifæri til að koma með hugmyndir.				
<ul style="list-style-type: none"> Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat, þar sem dregnir eru fram helstu styrkleikar og helstu tækifæri til umbóta. 	Gæðagreinar, þar sem við metum hversu góður leikskólinn okkar er. Niðurstöður settar fram í kafla í ársskýrslu/sjálfsmatskýrslu.	Júní 2020	<i>Unnið verður uppúr Gæðagreini við gerð ársskýrslu. Horft verður sérstaklega til þess sem vel hefur tekist en jafnframt þess sem þarf að bæta. Ársskýrslu er skilað 1.júlí ár hvert og er því ólokið.</i>	Leikskólastjóri Deildarstjóri	Endurmetið í ársskýrslu og umbótaáætlunum
<ul style="list-style-type: none"> Út frá niðurstöðum innra mats þarf að gera nákvæma umbótaáætlun þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eig að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd. 	Gæðagreinar, þar sem við metum hversu góður leikskólinn okkar er. Niðurstöður settar fram í kafla í ársskýrslu/sjálfsmatskýrslu.	Júní 2020	<i>Unnið verður uppúr Gæðagreini við gerð ársskýrslu. Horft verður sérstaklega til þess sem vel hefur tekist en jafnframt þess sem þarf að bæta. Ársskýrslu er skilað 1.júlí ár hvert og er því ólokið.</i>	Leikskólastjóri Deildarstjóri	Endurmetið í ársskýrslu og umbótaáætlunum
<ul style="list-style-type: none"> Leikskólastjóri sjái til þess að á deildarfundum fari fram ígrundun í starfi. 	Fagmennska sett á oddinn, málefni um leikskólastarfið rætt og upplýsingum komið á framfæri til starfsfólks. Finnum leiðir til að gera betur, faglegt starf skipulagt og verkefni sett í lotur. Búa til fundaskipulag.	Haust 2019	<i>Faglegt starf var til umræðu á fundum. Undirbúningstímar voru fastsettir í töflu, þar sem starfsmenn höfðu m.a. rými til að ígrunda og undirbúa faglegt starf.</i>	Leikskólastjóri Deildarstjóri	Alltaf í gangi og í stöðugri þróun

Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið IV – Foreldrasamvinna og ytri tengsl</u>					
<ul style="list-style-type: none"> Virkja þarf foreldraráð, gera starfsáætlun og vinnureglur og funda reglulega. 	Foreldraráð er virkt og eins foreldrafélagið. Í svona litlum skóla hefur sama stjórn sinnt hlutverki ráðsins og félagsins. Gera þarf áætlun og vinnureglur og búa til áætlun yfir fundi. Samstarf hefur gengið mjög vel.	Haust 2019	Vor 2020 <i>Samstarf við foreldrafélagið hefur verið mjög gott, en þó, m.a. vegna smæðar skólans, hefur það verið óformlegt og ekki hefur tekist að gera áætlun, vinnureglur og yfirlit yfir fundi.</i>	Leikskólastjóri Formaður foreldrafélags	
<ul style="list-style-type: none"> Bæta þarf upplýsingar um foreldraráð á heimasíðu og gera fundargerðir aðgengilegar. 	Gera þarf svæði/tengil á heimasíðu þar sem fundargerðir eru birtar. Samráð við foreldraráð um hvernig sé best að haga því.	Haust 2019	Vor 2020 <i>Upplýsingar um foreldraráð eru á heimasíðu skólans. Hins vegar eru fundargerðir ekki aðgengilegar, vegna þess að þær hafa ekki verið gerðar.</i>	Leikskólastjóri Ritari foreldrafélags	Vor 2020 – metið hvort að tekist hafi að setja fundargerðir á heimasíðu.
<ul style="list-style-type: none"> 					
<ul style="list-style-type: none"> Gera þarf skriflegan feril um sérkennslu og verkferla um framkvæmd. 	Prenta þarf út og hengja upp í leikskólanum og birta á heimasíðu ferla um sérkennslu.	Júní 2019	<i>Sérkennsluferlar eru aðgengilegir, bæði í skólanum sem og á heimasíðu.</i>	Leikskólastjóri	Lokið